

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Styrktarsjóð Skólabæjar

1. grein

Nafn sjóðs, heimili og varnarþing

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Skólabæjar, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn er í umsjá og vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands (kt. 571292-3199) og fellur undir sjóði sem eru í fjárvörslu þeirra.

Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. grein

Tilgangur og markmið sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu vísindastarfs Háskóla Íslands með því að veita styrki til doktorsnema.

3. grein

Stofnandi sjóðsins

Sjóðurinn er stofnaður af Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, til að heiðra minningu hjónanna Jóns Emils Ólafssonar, hæstaréttarlögmanns, f. 27. febrúar 1893, d. 24. júlí 1982, og Margrétar Jónsdóttur, húsfreyju, f. 4. febrúar 1890, d. 28. janúar 1965, sem gáfu Háskóla Íslands eignina Skólabæ við Suðurgötu 26 í Reykjavík, gamlan steinbæ ásamt vönduðu steinsteyptu íbúðarhúsi á sömu lóð. Eldra húsið stóð nálægt þeim stað sem Hólavallaskóli hafði staðið og var því nefnt Skólabær.

Jón Emil Ólafsson var kunnur borgari í Reykjavík á sinni tíð, austfirskur að uppruna. Hann lauk lögfræðiprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1923, síðastur íslenskra lagamanna, og starfaði við lögfræðistörf í Kaupmannahöfn um hríð, en í Reykjavík frá 1926. Hann var lengi forstjóri líftryggingafélagsins Andvöku og forstjóri Samvinnutrygginga 1954-1958. Margrét kona hans

var dóttir síðustu ábúenda í Skólabæ í Reykjavík, hjónanna Jóns Valdasonar og Sigríðar Jónsdóttur.

Fram kemur í gjafabréfinu frá 1972 kvöð um að eignin verði ævarandi eign Háskóla Íslands. Í fjárlögum ársins 2025 fékkst heimild til að selja eignina og nýta þá fjármuni sem fengjust í þágu kennslu og rannsókna við háskólann, t.d. með því að efna til sjóðs til styrktar doktorsnemum eða einstökum rannsóknarverkefnum. Með því móti væri heiðruð minning gefenda eignarinnar og virt að eignin, í yfirfærðri merkingu, yrði nýtt í þágu Háskóla Íslands um ókomna tíð.

4. grein

Stofnframlag og tekjur sjóðsins

Styrktarsjóðurinn Skólabær er söluandvirði eignarinnar Skólabær við Suðurgötu 26 í Reykjavík.

Stofnframlag sjóðsins er 430.000.000,- kr. – fjögurhundruð og þrjátíu milljónir króna.

Aðrar tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins, s.s. frjáls framlög einstaklinga, félagasamtaka eða fyrirtækja auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og frekari framlögum frá þeim sem vilja veita tilgangi hans og markmiðum brautargengi skv. 2. gr.

5. grein

Stjórn sjóðsins

Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands, kt. 571292-3199, sem skipuð er af háskólaráði í samræmi við reglur um varðveislu og ávöxtun eigna í umsjón Styrktarsjóða Háskóla Íslands, fer með stjórn sjóðsins. Stjórnin er skipuð þremur aðalmönnum og einum varamanni til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmanna skal ekki vera starfsmaður Háskóla Íslands.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins.

Háskólaráð ákveður hver gegni starfi formanns. Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins, fjársýslu og eftirlitshlutverk hans. Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda

sjóðsins. Stjórnin heldur fundargerðir og skilar þeim til umsjónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

6. grein

Úthlutunarnefnd sjóðsins

Rektor Háskóla Íslands skipar úthlutunarnefnd þriggja aðila til þriggja ára í senn. Við skipun úthlutunarnefndar skal taka mið af tilgangi sjóðsins. Störf nefndarinnar eru ólaunuð.

Rektor ákveður hver skuli gegna formannsstöfum úthlutunarnefndar en nefndin velur sér ritara. Hlutverk úthlutunarnefndar er að gera tillögu til rektors um einstakar styrkveitingar, sbr. 3. gr., hafa eftirlit með ráðstöfun styrkja og jafnframt að meta árangur verkefna sem styrkt eru í samráði við stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úthlutunarnefnd heldur utan um úthlutanir úr sjóðnum og kynningarmál þeim tengdum í samstarfi við umsjónarmann Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Úthlutunarnefnd setur sér starfsreglur um úthlutanir, svo sem styrkfjárhæðir í samráði við rektor og stjórn sjóðsins, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár. Starfsreglur sjóðsins skal endurskoða reglulega.

Úthlutunarnefnd úthlutar styrkjum á grundvelli auglýsingar. Úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um styrkuppþæð og einstakar styrkveitingar í samráði við stjórn sjóðsins, að fenginni ráðgjöf frá sérfróðum aðilum ef þörf er á, í samræmi við starfsreglur. Við styrkveitingar skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins, og fjárhagsstöðu.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í þeim miðlum sem talið er hverju sinni að nái til viðkomandi hóps. Öllum umsóknum skal svarað og umsækjendum skýrt frá úthlutun ársins. Úthlutunarnefnd kemur saman að minnsta kosti árlega.

Stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands annast faglegt mat umsókna.

Rektor Háskóla Íslands tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja, að fenginni tillögu úthlutunarnefndar sjóðsins á grundvelli faglegs mats stjórnar Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Úthluta skal úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem úthlutunarnefnd finnst tilefni til. Styrkþegar skulu skila skýrslu til úthlutunarnefndar um framkvæmd og niðurstöður rannsókna. Slík skil eru forsenda frekari styrkveitinga.

Úthlutunarnefnd heldur fundargerðir og skilar þeim til umsjónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

7. grein

Umsýsla sjóðsins

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust og í samræmi við fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands á hverjum tíma.

8. grein

Bókhald, reikningsárið og endurskoðun

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunar og til næstu áramóta.

Endurskoðendur sjóðsins eru þeir sömu og endurskoðendur Styrktarsjóða Háskóla Íslands hverju sinni. Reikningar sjóðsins skulu birtir með sama hætti og annarra sjóða í vörslu Háskóla Íslands.

Ákvæði gildandi laga hverju sinni um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðendafyrirtækja.

9. grein

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður eða gera breytingar á hlutverki hans og tilgangi af öðrum ástæðum en kveðið er á um í gildandi lögum hverju sinni og í skipulagsskrá og ekki án þess að sjóðsstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Slíkt skal borið skriflega undir sýslumanninn á Vestfjörðum.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fjármunum hans varið í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins í 2. grein skipulagsskrár þessarar.

10. grein

Staðfesting sýslumanns

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum skal leitað á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. júní 2025.

Jón Atli Benediktsson

rektor Háskóla Íslands

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.